

Stefna knattspyrnudeildar FRAM

Knattspyrnudeild FRAM vill leggja mikla áherslu á uppeldis- og forvarnaþátt knattspyrnuíðkunnar í yngri flokkum félagsins. Við leggjum áherslu á að þróa gott samstarf við foreldra um velferð barna þeirra og lítum á starf okkar sem stuðning og viðbót við uppeldisstarf heimilanna. Við leggjum áherslu á samstarf við skólana í hverfinu, félagsmiðstöðvarnar og aðra sem starfa með ungu fólki í FRAM hverfum.

Markmið okkar eru:

Að ala upp góða knattspyrnumenn.

Að FRAMARAR séu heilbrigðir og vel undirbúnir fyrir lífið.

Að byggja upp áhuga á íþróttinni.

Að Framara ganga af velli sem sigurvegarar, sama hver úrslit leiksins urðu.

Leiðir sem við hyggjumst fara að þessum markmiðum:

Öflug samvinna við skólana. Það er klárlega ágóði fyrir alla aðila að íþróttarfélag og skólar séu í góðu samstarfi, en mestur er ágóðinn þó fyrir barnið. Gott og öruggt umhverfi hjálpar barninu að ná árangri á öllum sviðum.

Unglingastarf sem gefur öllum tækifæri til að vera með og leggur áherslu á grunnatriði og félagslegan þroska. Þjálfunin miðast við þarfir einstaklingsins og tryggir að hver einstaklingur verði hluti af hópnum. Framkoma barnanna hvert við annað er mjög mikilvæg þegar byggja á upp góða og sterka liðsheild.

Að byggja upp áhuga á íþróttinni hjá iðkendum. Heilsteypt og samræmd þjálfun allra aldursflokka og keppnisstefna sem *leggur áherslu á uppeldi og þroska leikmanna.* Umhyggja fyrir hverjum einstaklingi.

Miklar kröfur til þekkingar og hæfni þjálfara.

Gott samstarf við foreldra er mikilvægt

Við hjá knattspyrnudeild FRAM leggjum mikla áherslu á gott samstarf við foreldra þeirra barna og unglunga sem stunda æfingar og keppni á vegum Fram. Við hvetjum foreldra til að sýna íþróttaiðkun barna sinna jákvæðan áhuga, fylgja þeim á kappleiki og líta við á æfingum. Slík hvatning er börnunum mikils virði og eykur líkurnar á að þau haldi áfram að stunda íþróttir. Við vörum hins vegar við beinni gagnrýni á frammistöðu barnsins, *það er hlutverk þjálfarans að leiðbeina hverjum og einum leikmanni um það sem betur má fara í leikjunum.*

Samráð foreldra og þjálfara um velferð barnanna.

Knattspyrnudeild FRAM trúir því að knattspyrnuíðkun stuðli að jákvæðum lífsstíl barna og unglunga. Knattspyrna er holl hreyfing og góð skemmtun. Með knattspyrnuíðkun læra börn *tillitssemi, sjálfsaga, virðingu og að njóta samveru* við jafnaldra undir leiðsögn fullorðinna. Þjálfarar Knattspyrnudeildar FRAM fylgja þjálfunaráætlun sem tekur tillit til aldurs og þroska iðkenda.

Samvinna við foreldra er stór þáttur í starfi þjálfara. Knattspyrnudeildin leggur áherslu á skynsamlegt jafnvægi leiks og keppni í knattspyrnuíðkunn barna og unglunga. Þjálfarar Knattspyrnudeildar FRAM sýni hverjum iðkanda virðingu og umhyggju. Þjálfarar leggi áherslu á *hrós og hvatningu* og leiðbeini um hegðun og samskipti á æfingum og í keppni. Íþróttamannsleg framkoma er mikilvægt leiðarljós í starfi Knattspyrnudeildar FRAM. Knattspyrnudeildin mun kappkosta að upplýsa foreldra ef upp koma tilvik sem valda okkur áhyggjum.